

**Grunnskóli  
Hornafjarðar  
470 8400**



## **Fundarboð**

4. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.

**7. febrúar kl. 8:10 – 9:10 í Heppuskóla – stofu 5.**

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir

**Fundarritari:** Eva Rán Ragnarsdóttir

### **Dagskrá**

#### **1. Umræður um síðasta fund**

**2. Að seinka skólabyrjun** – hvað felur það í sér? Getum við tryggt sömu þjónustu fyrir alla nemendur og foreldra og betri fyrir marga. Hugmyndin er að seinka skólabyrjun til 9 en ef til þess kemur er mikilvægt að tryggja aðkomu skólasamfélagsins að umræðunni.

Hvernig gerum við það? Hvaða spurningum þurfum við að geta svarað? og hvað er það sem fólk myndi helst óttast eða vera á móti?

Þórgunnur kynnti hvaða umræða hefði farið fram í skólanum og sýndi svo punkta sem kennarar höfðu tilgreint sem

#### **3. Önnur mál.**

**a. Ytra matið – næstu skref.** Nú eru fyrstu drög matsmanna komin til skólastjóra og bæjarstjóra sem hafa vik til að koma með athugasemdir við hana. Eftir það fer hún á vef MMS. Þá þarf sveitarfélagið og skólinn að gera úrbótaáætlun í samræmi við niðurstöður matsins. Skólaráð og starfsmenn skólans munu koma að gerð úrbótaáætlunar og verður hún eflaust tekin fyrir á næsta fundi skólaráðs. Sú úrbótaáætlun fer síðan líka inn á vef MMS. Síðan er það okkar og sveitarfélagsins að fylgja úrbótaáætluninni eftir.

**b. Næsti fundur skólaráðs áætlaður föstudaginn 6. mars kl. 8:10**

## **Fundargerð**

**Mættir:** Kristín Hermannsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Fjóla Hrafnkelsdóttir, Gunnhildur Imsland, Birkir Snær Ingólfsson, Heiður Sigurðardóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir. Gestur undir 2. lið Ragnhildur Jónsdóttir fræðslustjóri

**1. Umræður um síðasta fund.** Stutt umræða um síðasta fund. Fram kom að það hefði mátt vera meiri tími til að spjalla.

**2. Að seinka skólabyrjun** – hvað felur það í sér? Getum við tryggt sömu þjónustu fyrir alla nemendur og foreldra og betri fyrir marga. Hugmyndin er að seinka skólabyrjun til 9 en ef til þess kemur er mikilvægt að tryggja aðkomu skólasamfélagsins að umræðunni.

Hvernig gerum við það? Hvaða spurningum þurfum við að geta svarað? og hvað er það sem fólk myndi helst óttast eða vera á móti?

Þórgunnur sagði frá því að nú væri komin af stað umræða um að seinka skólabyrjun á morgnanna. Markmiðið með henni væri tvennskona, að auka svefn barna en þó sérstaklega unglunga og seinka þeim tíma sem börn í sveitunum þurfa að fara á fætur. Um

Þessar mundir er mikil umræða í samfélaginu almennt um mikilvægi svefns. Matthew Walker og bók hans *Why we sleep* sem hefur farið sigurför um heiminn hefur haft veruleg áhrif og augu fólks opnast fyrir mikilvægi svefns. Walker fjallar um mikilvægi svefns út frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Ástæða þess að unglingar sofna seint segir hann ekki lítið utanumhald heldur fyrst og fremst líffræðilegs eðlis. Melatónínframleiðsla unglunga seinkar og það hefur í för með sér að margir þeirra geta hreinlega ekki sofnað fyrr en seint og um síðir. Þá hefur svefn mikil áhrif á nám og líttill svefn dregur verulega úr námsgetu fólks. Því segir hann að með því að byrja skólann snemma á morgnana séum við að svipta ungmenni tækifæri til að læra. Walker gengur meira að segja svo langt að segja að svefn sé ekki einn af undirstöðupáttum góðrar heilsu ásamt næringu, hreyfingu og félagslegum samskiptum heldur sé svefninn grunnur þess að næring, hreyfing og félagsleg samskipti séu í lagi.

En umræðan hér í þessu skólasamfélagi snýr ekki eingöngu að unglingum heldur líka að nemendum úr sveitunum. Þeir sem lengst eiga að þurfa að sitja í klukkustund í skólabíl bæði á leiðinni úr og í skóla og umræða hefur verið um að koma til móts við þá með því að seinka skólabyrjun.

Því næst sýndi Þórgunnur skólaráði þá punkta sem fram komu á kennarafundi um kosti, galla, efasemdir og tækifæri og eru þeir hér fyrir neðan.

#### **Kostir**

- Sveitabörnin fá að sofa lengur
- Kennarar geta fundað fyrir kl. 9
- Lausnarteymisfundir
- Unglingar fá möguleika á lengri svefni
- Lengri svefn ungmenna hefur jákvæð áhrif á nám
- Unglingar sem vakna snemma geta unnið heimavinnuna sína á milli kl. 8 og 9 í stað þess að vinna heimavinnuna á milli 15 - 16

#### **Gallar**

- Skóladagurinn lengist
- Styttri tími til að leika sér
- Hvar er barnið mitt á milli 8 og 9 ?
- Samfélagið breytist ekki læknar, bókasafn o.fl.
- Þeir unglingar sem vilja vakna snemma þurfa að lengja daginn
- Íþróttahús myndi nýtast verr.

#### **Efasemdir**

- Munu börnin bara vaka lengur

#### **Tækifæri**

- Mætti byrja 8:30
- Skipuleggja félagslegt starf á milli 8 og 9
- Hafa sundlaugina opna fyrir nemendur
- Tækifæri til heilsueflingar fyrir nemendur
- Grænánaverkefni – fleiri myndu e.t.v. ganga eða hjóla í skólann
- Möguleiki á hreyfingu milli 8 og 9 fyrir nemendur
- Gæti kannski stytta vinnutíma nemenda
- Möguleiki á morgunmat í skólanum
- Tónskólinn gæti nýst á morgnana milli 8 og 9.

Á skólaráðsfundinum kom fram að ef af breytingu á skólabyrjun yrði þá væri það að sjálfsgöðu samkomulagsatrið hversu mikil seinkunin ætti að vera en nú væri rætt um að seinka skólanum til 9:00. Með því skipulagi sem nú er unnið með þýddi það að yngstu börnin yrðu búin í skólanum kl. 14:10 og unglingarnir 15:10. Skipulagið miðar við að matartímarnir verði á svipuðum tíma og núna og frímínútur verði álíka langar.

Skólinn myndi þó opna á morgnana á sama tíma og núna. 1. 4. bekkur gæti farið í Kátakot/Þrykkjuna eins og þau gera nú eftir skóla. 5. – 10. bekkur mætti líka mæta kl. 8:00 þau sem eru morgunhress og vilja, þau gæti t.d. sinnt heimanámi en mættu einnig hafa það rólegt, spjalla og spekúlera nú eða verið úti á skólalóð að leika sér.

Fram komu áhyggjur fundarmanna af því hvort öllum tímum hjá Sindra og tómskundastarfi yfirleitt myndi seinka og dagurinn þar með lengjast hjá nemendum. Þegar er búið að ræða við Sindra og leggja áherslu á að tíminn milli 8 og 9 verði ekki tekinn í æfingar hjá unglingum en einnig að íþróttahúsið verði laust eftir 14:10 alla daga nema kannski einn. Takmarkið er því að þetta daginn en ekki lengja. Þá er mikilvægt að foreldrar í skólasamfélaginu og einnig nemendur fái að segja skoðun sína og koma fram með sínar efasemdir svo hægt sé að vinna með þær ef lokaniðurstaða verður að seinka skólabyrjun. Rætt um að umsjónarkennarar myndu ræða við nemendur um skólabyrjun.

Skólaráð og skólanefnd stefna að sameiginlegum fundi með foreldrafélögum leik og grunnskóla um miðjan mars þar sem seinkun á skólabyrjun á daginn yrði rædd sem og hugmyndir um framtíðarskipan skólahúsnæðis.

### 3. Önnur mál.

- a. **Ytra matið – næstu skref.** Nú eru fyrstu drög matsmanna komin til skólastjóra og bæjarstjóra sem hafa vik til að koma með athugasemdir við hana. Eftir það fer hún á vef MMS. Þá þarf sveitarfélagið og skólinn að gera úrbótaáætlun í samræmi við niðurstöður matsins. Skólaráð og starfsmenn skólans munu koma að gerð úrbótaáætlunar og verður hún eflaust tekin fyrir á næsta fundi skólaráðs. Sú úrbótaáætlun fer síðan líka inn á vef MMS. Síðan er það okkar og sveitarfélagsins að fylgja úrbótaáætluninni eftir.
- b. **Næsti fundur skólaráðs áætlaður föstudaginn 6. mars kl. 8:10**